Nr. 848 1. október 2009

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 274/2006, um skilyrði undanþágu frá greiðslu olíugjalds og um greiðslu sérstaks kílómetragjalds.**

1. gr.

Við B. lið 3. tölul. 1. gr. bætist nýr stafliður:

Sérhæfðar afgreiðslubifreiðar sem eru sérútbúnar til að afgreiða eldsneyti á flugvélar og eru eingöngu notaðar á lokuðu svæði flugvallar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 1. október 2009.*

F. h. r.

**Maríanna Jónasdóttir.**

*Helena E. Snorradóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 15. október 2009